

Forsætisnefnd

***Ábending úttektarnefndar borgarstjórnar nr. 3 - lengd bókana.***

Með bréfi borgarritara dags. 7. október 2014 var óskað eftir því að forsætisnefnd myndi taka til skoðunar ábendingu nr. 3 í kafla 3 í skýrslu úttektarnefndar borgarstjórnar um lengd bókana en starfshópur um umsjón með úrvinnslu upplýsinga, ábendinga og athugasemda úttektarnefndar borgarstjórnar hafði áður lagt það til að forsætisnefnd yrði falið að vinna tillögu að breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þar sem settar verði reglur um hámarkslengd bókana. Á fundi forsætisnefndar þann 17. október var erindinu vísað til meðferðar hjá skrifstofu borgarstjórnar.

Lagt er til að gerð verði eftirfarandi breyting á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:

Núgildandi samþykkt:

27. gr.  
Bókun.

Borgarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd í fundargerð um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í borgarstjórn. Óheimilt er þó að færa í gerðabók greinargerðir eða hvers konar skriflegan málflytning um afstöðu borgarfulltrúa til máls sem til meðferðar er.

Verður svohljóðandi:

27. gr.  
Bókun.

Borgarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd í fundargerð um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í borgarstjórn, að jafnaði ekki lengri en 200 orð. Óheimilt er þó að færa í gerðabók greinargerðir eða hvers konar skriflegan málflytning um afstöðu borgarfulltrúa til máls sem til meðferðar er.

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar